

152. löggjafarþing 2021–2022.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 28/2017 um farþegaflutninga og farmflutninga á landi

Frá innviðaráðherra.

I. KAFLI

1. gr.

B-liður 1. mgr. 1. gr. verður svohljóðandi:

farmflutninga á landi í atvinnuskyni með vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum þar sem leyfilegur hámarkshraði ökutækjanna er 45 klst. eða meiri og leyfð heildarþyngd ökutækjanna er yfir mörkum sem ráðherra kveður á um í reglugerð.

2. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Almennt rekstrarleyfi er veitt til eftirfarandi flutninga:

a. farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni með bifreiðum sem eru skráðar fyrir níu farþega eða fleiri,

b. farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni með sérútbúnum bifreiðum sem eru skráðar fyrir færri farþega en níu, sbr. 9. gr.,

c. farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni í tengslum við ferðaþjónustu með bifreiðum sem eru skráðar fyrir færri farþega en níu, sbr. 10. gr. og

d. farmflutninga á landi í atvinnuskyni með vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum þar sem leyfilegur hámarkshraði er 45 km á klst. eða meiri og leyfð heildarþyngd ökutækjanna er yfir nánar tilgreindum mörkum sem ráðherra ákveður í reglugerð.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.:

a. Í stað orðanna „sérstakt leyfi útgefið af Samgöngustofu“ kemur: almennt rekstrarleyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða skv. 4. gr.

b. 2. málsl. greinarinnar fellur brott.

c. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Almennt rekstrarleyfi til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir bifreiðar sem skráðar eru fyrir níu farþega eða fleiri veitir einnig rétt til reksturs sérútbúinna bifreiða sem skráðar eru fyrir færri en níu farþega skv. þessari grein.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr.:

a. Í stað orðanna „sérstakt leyfi útgefið af Samgöngustofu“ í 1. mgr. kemur: almennt rekstrarleyfi til farþegaflutninga í atvinnuskyni í tengslum við ferðaþjónustu skv. 4. gr.

- b. Orðin „auk þess að hafa almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
- c. Í stað orðsins „ferðabjónustuleyfis“ í 3. mgr. kemur: almenns rekstrarleyfis til farþegaflutninga í tengslum við ferðabjónustu.
- d. Í stað orðsins „ferðabjónustuleyfis“ kemur: leyfis samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Aðilar sem hafa fengið útgefin ferðabjónustuleyfi eða leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða hjá Samgöngustofu fyrir gildistöku laga þessara skulu halda réttindum sínum eins og um viðeigandi almennt rekstrarleyfi væri að ræða þar til gildistíma leyfis lýkur.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í innviðaráðuneytinu. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 vegna fyrirhugaðrar innleiðingar *Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1055 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1071/2009, (EB) nr. 1072/2009 og (ESB) nr. 1024/2012 að því er varðar að aðlagja þær að þróun sem orðið hefur á sviði flutninga á vegum*. Þá er með frumvarpinu lagt til að gerðar verði breytingar til einföldunar á ákvæðum laganna er varða leyfisveitingar.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1055 var tekinn inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn. Með reglugerðinni (ESB) eru gerðar breytingar á regluverki er varðar farmflutninga á vegum, m.a. í því skyni að samræma reglur um aðgang að starfsgrein flutningsaðila á vegum sem stunda millilandaflutninga. Þannig hefur gildissvið reglna sem gilda um starfsgreinina verið útvíkkað svo þær taka nú til farmflutninga á vegum milli ríkja með ökutækjum sem eru yfir 2,5 tonn að leyfðri heildarþyngd en ekki aðeins um ökutæki sem eru yfir 3,5 að leyfðri heildarþyngd líkt og verið hefur. Þá hafa kröfur um staðfestu í aðildarríki verið hertar, ákvæði um gott orðspor flutningsaðila hafa verið gerðar ítarlegri, reglur um nauðsynleg gögn til skýringar á fjárhagsstöðu hafa verið skýrðar, skilgreining á alvarlegustu brotum þegar farið er yfir daglegan heimilan aksturstíma hefur verið samræmd við það sem fram kemur í reglugerð (EB) nr. 561/2006, reglur um gestaflutninga í farmflutningum hafa verið gerðar skýrari og gert hefur verið ráð fyrir skilum á rafrænum flutningsupplýsingum.

Í ljósi framangreindra breytinga á gildissviði reglugerða (EB) nr. 1071/2009 og (EB) nr. 1072/2009 er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 en gildissvið laganna, að því er varðar farmflutninga takmarkast við farmflutninga á landi með vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum þar sem leyfð heildarþyngd fer yfir 3,5 tonn og leyfilegur hámarkshraði ökutækjanna er 45 km á klst. eða meiri. Í ljósi þess að lögin gilda ekki um farmflutninga á landi milli ríkja með ökutækjum þar sem leyfð heildarþyngd fer yfir 2,5 tonn en ekki yfir 3,5 tonn eru aðrar leiðir en lagasetning

ekki færar svo innleiða megi reglugerð (ESB) 2020/1055 sem íslenska ríkið er skuldbundið að þjóðarrétti til að innleiða.

Í dag gera lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 ráð fyrir þrenns konar leyfum til farþegaflutninga, þ.e. almennt rekstrarleyfi til farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni með bifreiðum sem eru skráðar fyrir níu farþega eða fleiri, leyfi til farþegaflutninga með sérútbúnum bifreiðum sem rúma færri farþega en níu og loks ferðabjónustuleyfi til farþegaflutninga með bifreiðum sem rúma færri farþega en níu. Leyfi til farþegaflutninga með sérútbúnum bifreiðum má aðeins nota í tengslum við ferðamenn og umsækjandi um slíkt leyfi þarf auk þess að hafa almennt rekstrarleyfi. Ferðabjónustuleyfi má aðeins nota í tengslum við ferðabjónustu og skal umsækjandi um slíkt leyfi hafa rekstrarleyfi frá Ferðamálastofu sem annaðhvort ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa og auk þess hafa almennt rekstrarleyfi. Þjónusta sem veitt er á grundvelli ferðabjónustuleyfis skal eigi vara skemur en hálfstdagsferð eða sem hluti af annarri viðurkenndri ferðabjónustu. Þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi gera ráð fyrir því að ekki verði lengur gefin út leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða eða ferðabjónustuleyfis. Þessi í stað gefi Samgöngustofa aðeins út eina tegund leyfa til farþegaflutninga eða farmflutninga skv. lögnum en leyfi verði svo skilyrt og bundin við tiltekna tegund flutninga. Með þessu er gert ráð fyrir að stjórnsýsla verði einfölduð rekstraraðilum til hagsbóta.

3. Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið skiptist í 4 greinar, auk gildistökuákvæðis og ákvæðis til bráðabirgða. Lagðar eru til breytingar á 4 greinum laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017. Breytingarnar sem um ræðir eru eftirfarandi:

1. Í stað þess að gildissvið laganna að því er varðar farmflutninga takmarkist við flutninga á landi í atvinnuskyni með vélknúnum ökutækjum eða samtengdum ökutækjum þar sem leyfð heildarþyngd fer yfir 3,5 tonn og leyfilegur hámarkshraði ökutækjanna er 45 km á klst. eða meiri ráðherra falið að kveða á um mörk leyfðar heildarþyngdar í reglugerð.
2. Almennt rekstrarleyfi verði gefið út til nánar tilgreindra flutninga sem taldir verði upp í nýjum staflaðum 1. mgr. 4. gr. laganna.
3. Í stað þess að gera kröfu um sérstakt leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða til viðbótar við almennt rekstrarleyfi verði einfaldlega gerð krafa um annað hvort almennt rekstrarleyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða eða almennt rekstrarleyfi til farþegaflutninga með hópibifreiðum.
4. Í stað þess að gera kröfu um sérstakt ferðabjónustuleyfi verði aðeins gerð krafa um leyfi til farþegaflutninga í atvinnuskyni í tengslum við ferðabjónustu.
5. Leyfi sem hafa verið gefin út í samræmi við ákvæði gildandi laga haldi gildi sínu þar til gildistíma leyfa lýkur.

Með breytingu á gildissviðsákvæði laganna þannig að ráðherra verði falið að kveða á um leyfða heildarþyngd þeirra ökutækja til farmflutninga í atvinnuskyni sem lögin gilda um er tryggð lagastoð til innleiðingar reglugerðar (ESB) 2020/1055. Önnur ákvæði frumvarpsins eru til þess fallin að einfalda stjórnsýslu og gera regluverk er snýr að leyfisveitingum til farþegaflutninga skýrari með því að fækka tegundum útgefina leyfa, án þess þó að draga úr kröfum sem gerðar eru til umsækjenda. Ákvæði til bráðabirgða tryggir að handhafar leyfa sem gefin hafa verið út skv. gildandi lögum glati ekki réttindum sem þeim hafa verið veitt skv. lögum.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Með 1. gr. frumvarpsins er lagt til að ráðherra verði falið að kveða nánar á um gildissvið laganna að því er varðar leyfða heildarþyngd ökutækja sem stunda farmflutninga í atvinnuskyni. Þetta er lagt til svo innleiða megi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1055 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1071/2009, (EB) nr. 1072/2009 og (ESB) nr. 1024/2012 að því er varðar að aðlaga þær að þróun sem orðið hefur á sviði flutninga á vegum. Með reglugerðinni er gildissviði reglugerða (EB) nr. 1071/2009 og (EB) 1072/2009 breytt en reglugerðirnar (EB) eru innleiddar með lögum nr. 28/2017 og í reglugerð settri skv. heimild í þeim lögum. Í ljósi þess að gildissvið laganna takmarkast við ökutæki þar sem leyfð heildarþyngd fer yfir 3,5 tonn að því er varðar farmflutninga er nauðsynlegt að gera breytingar á gildissviði laganna svo innleiða megi reglugerð (ESB) 2020/1055. Íslenska ríkið er skuldbundið að þjóðarétti til að innleiða reglugerðina.

5. Samráð.

6. Mat á áhrifum.

Samþykkt frumvarpsins kemur fyrst og fremst til með að hafa þau áhrif að stjórnsýsla tengd leyfisveitingum vegna farþegaflutninga á land verður einfölduð. Þá munu breytingar á gildissviðsákvæði tryggja það að íslenska ríkið geti staðið við þjóðréttarlegar skuldbindingar skv. EES-samningnum. Ekki er talið að þær breytingar á gildissviði sem felast í reglugerð (ESB) 2020/1055 komi til með að hafa mikil áhrif hér á landi í ljósi þess að breytingin tekur aðeins til ökutækja með leyfða heildarþyngd yfir 2,5 en ekki yfir 3,5 tonn í alþjóðlegum flutningum. Vegna landfræðilegrar legu ríkisins er gert ráð fyrir að breyting á gildissviði laganna hafi hverfandi áhrif.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að í stað þess að kveðið sé á um það í b-lið 1. mgr. 1. gr. að gildissvið laganna sé bundið við flutninga með ökutækjum með leyfða heildarþyngd yfir tilteknum mörkum, að því er varðar farmflutninga á landi, verði ráðherra falið að útfæra slík mörk í reglugerð.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. laganna verði gefið út til tiltekinnar tegundar flutninga en um fjórar tegundir flutninga getur verið að ræða. Með því móti er gert ráð fyrir að umsóknarferli vegna leyfa til farþega- og/eða farmflutninga skv. lögnum verði einfaldara en verið hefur. Umsækjandi fái þannig úthlutað einu leyfi sem bundið er við þá tegund flutninga sem hann hyggst stunda. Ætli umsækjandi t.d. að stunda farþegaflutninga með hópþifreiðum auk farþegaflutninga í tengslum við ferðaþjónustu skv. 10. gr. skilar umsækjandi inn viðeigandi gögnum og fær þá útgefið eitt almennt rekstrarleyfi bundið við slíka flutninga, að því gefnu að umsækjandi uppfylli skilyrði laga til útgáfu leyfis.

Um 3. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á 9. gr. laganna um rekstur sérútbúinna þifreiða. Lagt er til að í stað þess að gerð sé krafa um sérstakt leyfi til reksturs sérútbúinna þifreiða til viðbótar við almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. verði aðeins gerð krafa um almennt rekstrarleyfi

til reksturs sérútbúinna bifreiða og leyfið því bundið við slíka flutninga. Þannig verði aðeins um eitt leyfi að ræða í stað tveggja. Eftir sem áður eru skilyrðin til að öðlast leyfi þau sömu. Einnig er lagt til að almennt rekstrarleyfi til farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni með bifreiðum sem skráðar eru fyrir nú farþega eða fleiri veiti rétt til reksturs sérútbúinna bifreiða sem rúma færri en nú farþega samkvæmt þessari grein.

Um 4. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á 10. gr. laganna um ferðaðþjónustuleyfi. Lagt er til að í stað þess að gerð sé krafa um sérstakt ferðaðþjónustuleyfi til viðbótar við almennt rekstrarleyfi skv. 4. gr. verði aðeins gerð krafa um almennt rekstrarleyfi til farþegaflutninga í atvinnuskyni í tengslum við ferðaðþjónustu og leyfið því bundið við slíka flutninga. Þannig verði aðeins um eitt leyfi að ræða í stað tveggja. Eftir sem áður eru skilyrðin til að öðlast leyfi þau sömu og verður því áfram gerð krafa um rekstrarleyfi sem annaðhvort ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa útgefið af Ferðamálastofu.

Um 5. gr.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi.

Um Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæðinu er ætlað að taka af öll tvímæli um það hvernig fara skuli með réttindi þeirra sem hafa gild ferðaðþjónustuleyfi eða leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða samkvæmt lögum nr. 28/2017 á þeim tíma sem ný lög öðlast gildi, verði frumvarp þetta að lögum. Gert er ráð fyrir því að umræddir leyfishafar haldi réttindum sínum líkt og um viðeigandi almennt rekstrarleyfi væri að ræða. Þegar kemur að endurnýjun leyfis fer um útgáfu leyfis eftir ákvæðum nýrra laga.